

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþing eystra  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 29. mars 2016  
UST201602-256/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga að deiliskipulagi gististaðar að Rauðsbakka, Rangárþingi eystra.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir gististað á Rauðsbakka, Austur-Eyjafjöllum.

### **Skipulagssvæðið**

Skipulagssvæðið sem er 5,7 ha er staðsett á jörðinni Rauðsbakki, sem liggur 1.600 m fyrir sunnan Þjóðveg 1 undir Eyjafjöllum. Svæðið er 1 km frá strandlínu og Bakkakotsá rennur 60 m austan við skipulagssvæðið.

### **Umhverfisáhrif**


Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu gerir ofangreind tillaga ráð fyrir framkvæmd sem er tilkynningaskyld samkvæmt flokki B, lið 1.01 skv. 1. viðauka í lögum nr. 106/2000.

### **Landslag og ásynd**

Umhverfisstofnun tekur undir að ofangreind tillaga mun neikvæð áhrif á ásynd svæðisins, þar sem framkvæmdir verða vel sýnilegar á flötu landi. Umhverfisstofnun bendir á að litaval og efnisval geta mildað neikvæð sjónræn áhrif á umhverfið.

Ofangreint skipulagssvæði er staðsett á landbúnaðarlandi. Á svæðinu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá, né eru á svæðinu vistkerfi eða jarðminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur